

## Minnisblað

### Sérstakur húsnæðisstuðningur

Í þeim drögum að reglum sem eru til umfjöllunar í fjölskylduráði á fundi þann 6. janúar 2017 er gert ráð fyrir að fyrir að sérstakur húsnæðisstuðningur sé reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar 1.000 kr. í húsnæðisbætur fær leigjandi greiddar **700 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning**.

Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals **82.000 kr.**

Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur **geta aldrei farið yfir 75% af húsnæðiskostnaði**. Ekki er greiddur sérstakur húsnæðisstuðningur þegar húsnæðiskostnaður að frádregnum húsnæðisbótum er **50.000 kr. eða lægri**.

Miðað er við eftirfarandi tekjumörk og eru neðri tekjumörk þau sömu og frítekjumörk eru í lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	3.100.000	3.875.000	258.333	322.917
2	4.100.000	5.125.000	341.667	427.083
3	4.800.000	6.000.000	400.000	500.000
4 eða fleiri	5.200.000	6.500.000	433.333	541.667

Þessi viðmið eru þau sömu og Kópavogur, Garðabær og Mosfellsbær hafa samþykkt í sínum reglum að því undanskildu að Garðabær og Mosfellsbær miða við að greiddar séu 600 kr. í sérstakan stuðning fyrir hverjar 1.000 kr. í húsnæðisbætur.

Í þeim áætlunum sem liggja fyrir er gert ráð fyrir að fjármagn í sérstakan húsnæðisstuðning hækki umtalsvert hjá Hafnarfjarðarbæ milli árána 2016 og 2017.

Í drögum að þeim reglum sem liggja fyrir segir í 18. gr. að heimilt sé að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir s.s. ef um er að ræða sérstaklega þunga framfærslubyrði eða aðrar félagslegar aðstæður sem leitt geta til þess að þörf fyrir stuðning sé meiri en hlutlæg viðmið gefa til kynna. Hægt er að óska eftir viðtali hjá félagsráðgjafa sem metur félagslegar aðstæður umsækjanda.

Þann 30. desember s.l. samþykkti félags- og húsnæðismálaráðherra leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings. Í því skjali er bent á það að ákvæði um sérstakan húsnæðisstuðning eru færð í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, í

stað laga um húsnæðisbætur. Ákvæðin í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga beri að túlka með hliðsjón af markmiði og tilgangi laganna sem er m.a. að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa. Þess vegna þurfi að veita þjónustuna á grundvelli mats á þörf fyrir viðkomandi þjónustu. Ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning þurfi því að byggjast á heildarmati á aðstæðum umsækjanda en ekki bara hlutlægum tekju- og eignaviðmiðum. Jafnframt kemur fram að sé það ákvörðun sveitarstjórnar að víkja frá einhverjum þeirra ákvæða sem að neðan greinir er rétt að rökstuðningur sé tekinn saman fyrir fráviki þannig að skýra megi út forsendur þess fyrir umsækjendum.

Í drögum að reglum Hafnarfjarðarbæjar er ekki gert ráð fyrir félagslegu mati við afgreiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings. Í reglum Kópavogs, Garðabæjar og Mosfellsbæjar er ekki gert ráð fyrir slíku mati. Matskvarði sem fylgir með leiðbeinandi reglunum er þess eðlis að umsækjandi þarf að búa við geysi þröngan kost til að eiga rétt á stuðningi. Viðmið vegna húsnæðisstöðu er m.a. að umsækjandi þarf að vera í óöruggu húsnæði, gista hjá vinum og/eða ættingjum jafnframt er eitt viðmiðið að viðkomandi gisti í neyðarathvarfi eða á gistiheimili. Vandséð er hvernig einstaklingur í slíkum aðstæðum geti sótt um stuðning vegna húsnæðis.

Má einnig nefna að í matskvarða er viðmið þess efnis að umsækjandi glími við fjölbættan vanda og hafi fengið umfangsmikinn stuðning í að lágmarki 12-24 mánuði og einnig að málefni barns þarf að hafa verið í umfangsmikilli vinnslu félagsþjónustu á undanförunum 24 mánuðum. Með þessum viðmiðum er í raun verið að viðhalda búsetuskilyrðum sveitarfélaganna sem hefur verið mikilvægt að fella niður.

Verði farið í mat samkvæmt matskvarða leiðbeinandi reglna ráðuneytisins er ljóst að fjölmargir einstaklingar sem nú fá sérstakan húsnæðisstuðning hjá sveitarfélaginu muni missa stuðninginn. Eins og bent hefur verið á getur umsækjandi samkvæmt þeim drögum að reglum sem liggja fyrir óskað eftir viðtali hjá félagsráðgjafa séu aðstæður sérlega íþyngjandi. Þeim upplýsingum verður komið vel á framfæri á umsóknareyðublaði, heimasíðu o.fl.

Í leiðbeinandi reglum sem samþykktar voru af ráðherra kemur verulega á óvart að viðmiðunarfjárhæðir vegna sérstaka stuðningsins eru hækkaðar um 13,4% frá þeirri útgáfu sem send var út til umsagnar. Þessi breyting virðist hafa verið ákveðin einhliða af félags- og húsnæðismálaráðherra. Þau sveitarfélög sem nú þegar hafa samþykkt reglurnar notast við þau tekjumörk sem gert var ráð fyrir í upphaflegri útgáfu. Má telja óeðlilegt að hækka viðmið sér í lagi þegar um einhliða ákvörðun er að ræða. Í lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016 eru frítekjukörkin óbreytt og þess vegna 13,4% lægri en leiðbeiningar ráðherra til sveitarfélaga eru vegna sérstaka stuðningsins.

Lagt er til að reglur sveitarfélagsins um sérstakan húsnæðisstuðning verði endurskoðaðar á vormánuðum þegar reynsla er komin á framkvæmd og fyrirkomulag stuðningsins.

Hafnarfjörður 5. janúar 2017.

Rannveig Einarsdóttir,

Sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar.



**HAFNARFJÖRÐUR**